



Borgarráð

Reinventing Cities - heimild til þess að tilkynna bestu tillögur á Urban Future Global Conference

Tillaga:

Óskað er heimildar borgarráðs til þess að borgarstjóri tilkynni sigurteymi Reykjavíkurborgar í alþjóðlegu samkeppninni Reinventing cities á ráðstefnunni Urban Future Global Conference í Ósló þann 22. maí.

Á grundvelli niðurstöðu matsnefndar verður stigahæstu teymin á hverjum reit boðið til viðræðna um lóðarvilyrði á viðkomandi reit. Trúnaður ríkir um störf dómnefndar og verður greinagerð hennar lögð fyrir borgarráð þegar búið er að tilkynna stigahæstu teymin á Urban Future Global Conference ráðstefnunni.

Greinagerð:

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg óski eftir því að taka þátt í verkefninu Reinventing Cities á vegum C40 og leggi fram þrjár lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Umræddar lóðir eru við Frakkstíg/Skúlagötu, á Ártúnshöfða og við Lág múla 2.

C40 eru samtök yfir 90 stórborga sem vinna saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í þessum borgum búa yfir 650 milljónir manns og þær standa fyrir fjórðung alls fjármagns heims.

Reinventing Cities er tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófar hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Reglur samkeppinnar eru að stóru leyti tilkomnar frá C40 en heimaborgir hafa innan þeirra ákveðinn sveigjanleika til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað.

Annar fasi verkefnisins hófst haustið 2018 þar borgarráð samþykkti að bjóða átta teymin að vinna nánari tillögu að skipulagi og útliti bygginga á þessum reitum ásamt því að leggja fram tillögu að kaupverði. Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið úthlutaðri viðkomandi lóð til þess að byggja umrætt verkefni. Skilafrestur fyrir annan fasa var 22. mars 2019.

Reykjavíkurborg áskildi sér rétt til þess að hafna öllum tillögum ef framkomnar tillögur ná ekki þeim markmiðum sem lagt var upp með í upphafi verkefnis.

Á fundi borgarráðs í febrúar 2019 var samþykkt að Umhverfis- og skipulagssviði yrði falið að skipa matshóp sem gæfi innsendum tillögum einkunn á grundvelli matslíkans C40.

Matsnefndin var skipuð eftirtöldum aðilum:

Páll Hjaltason, arkitekt

Dr. Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Grænni Byggðar

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

Á grundvelli niðurstöðu matsnefndar verður stigahæstu teymum á hverjum reit boðið til viðræðna um lóðarvilyrði á viðkomandi reit. Niðurstaða matshóps verður kynnt fyrir borgarráði ásamt því sem að möguleg lóðarvilyrði verða einnig lögð fyrir borgarráð þegar að því kemur.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig